



Borgarráð

### ***Bryggjuhverfi - lóðarvilyrði***

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að veita Bjargi hses (sjálfseignastofnun) kt. 490916-0670, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík, vilyrði fyrir byggingarrétti á um 30 íbúðum á reit A í Bryggjuhverfi. (Sjá meðfylgjandi uppdrátt) Lóðarvilyrði þetta verður bundið eftirfarandi skilyrðum: að deiliskipulag um lóðina fáiast samþykkt og að Reykjavíkurborg og Íbúðalánasjóður samþykki að veita félaginu stofnframlag á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir og reglugerðar 555/2016 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfseignarstofnanir og almennar íbúðir, auk reglna Íbúðalánasjóðs og Reykjavíkurborgar um stofnframlög. [http:](http://) Jafnframt að samningaviðræður Faxaflóahafna og Reykjavíkurborgar um kaup borgarinnar á landinu ljúki með samkomulagi um kaup á landinu.

*Greinargerð:* Deiliskipulagsáætlun vegna nýs hverfis í Bryggjuhverfi er nú í undirbúningi. Lóðarvilyrði þetta gerir ráð fyrir að Bjarg fái byggingarrétt fyrir 30 íbúðir. Gert er ráð fyrir að Félagsbústaðir og almenn leigufélög skipti með sér hluta íbúðanna sem nánar verður ákveðið í úthlutunarbréfi um byggingarréttinn.

Með lögum 52/2016 um almennar íbúðir var ákveðið að sveitarfélög og ríki gætu komið að fjármögnun íbúða á leigumarkaði með framlögum til sjálfseignastofnana eða lögaðila sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Bjarg er slík sjálfseignarstofnun. Lóðarvilyrði þetta byggir á viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Alþýðusambands Íslands dags. 12. mars 2016. Í henni kemur fram að Reykjavíkurborg geri það að skilyrði fyrir veitingu stofnframlags vegna kaupa eða bygginga á leiguíbúðum að Félagsbústaðir Reykjavíkurborgar eigi kauprétt að 10-20% íbúða sem stofnframlag nær til skv. sérstöku samkomulagi sem gert er um hvert verkefni.

Við veitingu stofnframlags er framlag ríkisins 18% en framlag sveitarfélaga er 12% af heildar kaupverði eða byggingakostnaði íbúða. Íbúðalánasjóður annast samþykki fyrir veitingu stofnframlags f.h. ríkisins. Ríkið gerir það að skilyrði fyrir veitingu stofnframlags að Reykjavíkurborg hafi veitt samþykki sitt fyrir veitingu stofnframlags, sbr. 7. mgr. 11. gr. laga um almennar íbúðir.

Heimilt er að setja það skilyrði að stofnframlag verði endurgreitt þegar lán sem tekin eru í upphafi vegna framkvæmda eða kaupa á húsnæði hafa verið greidd upp, sbr. 8. mgr. 11. gr. laga um almennar íbúðir. Gert er ráð fyrir að kvöðum um stofnframlag Reykjavíkurborgar verði þinglýst á leiguíbúðirnar þegar stofnframlag hefur verið samþykkt.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Uppdráttur af tillögu af deiliskipulagi fyrir Bryggjuhverfi.



